



Bestiskóli

- hópvinna -

Í þessu verkefni eiga hóparnir að búa til lýsingu á hinum fullkomna skóla, Bestaskóla í Bestabæ. Skólinn er skylduskóli fyrir alla 13-16 ára bæjarbúa. Verkefnið er skriflegt og myndrænt. Við vinnuna er gott að hafa í huga að hafa lýsinguna sem skýrasta og að rökstyðja allar ákvarðanir mjög vel. Þannig eru meiri líkur á því að tekið verði mark á því sem þið segið.

Verkefninu á að skila í bæklingi, skiladagur: _____

Fyrirmæli:

- Skrifið greinargerð um markmið og tilgang skólans:
 - Hver er tilgangur skólans?
Þ.e. af hverju eiga allir 13-16 ára Bestbæingar að mæta og vinna í skólanum?
Hafið í huga að tilgangur skólans hlýtur að vera samfélagslegur, skólinn þjónar ákveðnu hlutverki í verkaskiptu samfélagi. Hvert er þetta hlutverk?
 - Hvað eiga nemendur að læra í skólanum?
 - Hvaða reynslu eiga nemendur að öðlast í skólanum?
 - Á skólinn að stuðla að því að nemendur verði "betri manneskjur"? Ef já, hvernig á hann að gera það?
- Starfsfólk og nemendur:
 - Hvert er verksvið nemenda?
 - Hverjir stjórna skólanum?
Hvert er verksvið þeirra?
 - Hverjir eru kennarar í skólanum? Hvert er verksvið þeirra?
 - Annað starfsfólk? Hvaða verkefnum sinnir það?
- Lýsið uppbyggingu skólans:
 - Reglur?
 - Námsgreinar?
 - Stundaskrá?
 - Tómstundastarf?
 - Fastir liðir á skóladagatali (árshátíð, opnir dagar, þemavika, jólaundirbúningur.....)
 - Námsmat?
 - Annað?
- Húsnæðið:
 - Hvernig lítur skólinn út?
Vinnið teikningu
 - Innréttingar og húsgögn?
 - Verkgreinaaðstaða?
 - Íþróttaaðstaða?
 - Annað?
- Annað sem þið viljið taka fram um Bestaskóla



Garðaskóli
Heimspekival

Vinnubókarblað nr. _____